Tal Tromp
Tal Tromp er sérstakur pakki sem Tal býður. „Trompið“ getur komið fram í nýrri mynd seinna. Allar þjónustur í Tal Trompi falla undir núverandi skilmála Tals.

Trompið (25.05.2011 – 30.11.2011)
Trompið er alhliða lausn í fjarskiptaþjónustu og allir sem skrá sig í Trompið taka 40 GB internet tengingu, heimasíma, farsímaáskrift upp á 6 vini og 0 kr. Tal í Tal. Við kaup á Trompi eiga viðskiptavinir rétt á því að fá fjölskyldufrelsi og SkjáEinn í sex mánuði.

SkjárEinn Áskrift að SkjáEinum er greidd til SkjásEins og mun afsláttur upp á 2.890 kr. koma inn á símareikning hjá viðskiptavin. Gildir þetta í 6 mánuði, eða jafn lengi og viðskiptavinur er samningsbundinn Tali.
Allir viðskiptavinir Tals sem eru í Allur Pakkinn og hafa farsíma sem er í notkun eiga þann kost að fá SkjáEinn afsláttinn í 6 mánuði gegn endurbindingu til 6 mánaða. Fá þeir þá sendan vefpóst frá Tali til staðfestingar um endurbindingu og aðgang að SkjáEinum.

Fjölskyldufrelsi Fjölskyldufrelsi (FF) er í boði fyrir alla sem eru í Trompi. FF er frelsisnúmer í þjónustuleiðinni 0 kr. Tal í Tal sem fær lagt inn á sig 1.500 kr. inneign í mánuði. Þetta frelsi er hugsað fyrir yngri kynslóðina og er því háð því að einhver undir 18 ára aldri sé með lögheimili þar sem tenging er skráð. Heimilt er að hafa að hámarki tvö FF en er það þá háð því að a.m.k. tveir símar séu í áskrift. Annar síminn er þá skráður með 6 vini og 0 kr. Tal í Tal en sá seinni má vera skráður í hvaða áskriftarleið sem er.